

Ólöf Kristín Daníelsdóttir

Frá: Visit North Iceland <info@nordurland.is>
Sent: föstudagur, 5. maí 2023 11:53
Til: Fjallabyggð
Efni: Aðalfundur Markaðsstofu Norðurlands 2023

No images? [Click here](#)



Markaðsstofa Norðurlands
ÁFANGASTAÐASTOFA



Aðalfundur Markaðsstofu Norðurlands 2023

Markaðsstofa Norðurlands boðar til aðalfundar þriðjudaginn 16. maí 2023 kl. 13:00. Fundurinn verður haldinn á Hótel Laugarbakka. Öll eru hvött til þess að mæta á fundinn og athygli er vakin á því að aðeins þau sem mæta á staðinn geta tekið þátt í kosningu til stjórnar.

Að lokinni hefðbundinni dagskrá aðalfundar verða gestafyrirlesarar með erindi um ýmis málefni ferðaþjónustu.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla ársreiknings
3. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar
4. Stjórnarkjör
5. Kjör endurskoðenda
6. Starfsreglur stjórnar
7. Önnur mál
8. Erindi
 - Samspil ferðaþjónustu og sveitarfélaga - *Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra*
 - Erindi frá nýjum ferðamálastjóra - *Arnar Már Ólafsson, ferðamálastjóri*
 - Uppbygging á Blönduósi - *Pétur Oddbergur Heimisson*

Stjórnarkjör

Framboð frá samstarfsfyrirtækjum til stjórnar þurfa að koma fram í síðasta lagi **13. maí** og eru áhugasamir beðnir að tilkynna framboð til framkvæmdastjóra, arnheidur@nordurland.is.

Núverandi stjórn MN er skipuð þessum einstaklingum:

Aðalmenn: Viggó Jónsson(NV), Drangeyjarferðir- *formaður*, Guðmundur Þór Birgisson(NE), Jarðböðin, Sigrún Huld Sigmundsdóttir(NE), Icelandair Hotels, Steinunn Heba Finnsdóttir(NE), Strikið og Örn Arnarson(NV), Hótel Laugarbakki.

Varamenn Tómas Árdal(NV), Arctic Hotels og Þorbjörg Jóhannsdóttir(NE), Höldur

Kosið er um eitt sæti stjórnarmanns á Norðurlandi vestra (Viggó Jónsson) og tvö sæti stjórnarmanna á Norðurlandi eystra (Guðmundur Þór Birgisson, Steinunn Heba Finnsdóttir). Viggó Jónsson gefur kost á sér til áframhaldandi setu, en þau Guðmundur Þór og Steinunn Heba gefa ekki áfram kost á sér.

Einnig er kosið um varamenn til eins árs í senn og núverandi varamenn, Tómas og Þorbjörg gefa bæði áfram kost á sér til áframhaldandi setu.

Úr skipulagsskrá

Stjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm mönnum og tveimur varamönnum. Miða skal við að tveir stjórnarmenn og einn varamaður komi af Norðurlandi vestra og þrír stjórnarmenn og einn til vara frá Norðurlandi eystra. Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Varamenn eru kosnir til eins árs í senn. Annað hvert ár skal kosið um tvo stjórnarmenn en hitt árið um þrjá stjórnarmenn og er það raunin í ár.

Á aðalfundi fer hvert samstarfsfyrirtæki Markaðsstofunnar með atkvæði samkvæmt sínum gjaldflokki, 1 atkvæði fyrir lægsta flokk, 2 atkvæði fyrir næstlægsta flokk og svo framvegis upp í 5 atkvæði fyrir efsta gjaldflokk. Skilyrði þess að samstarfsfélög Markaðsstofu Norðurlands geti nýtt atkvæði sín á aðalfundi er að þau séu skuldlaus við Markaðsstofu Norðurlands.

Hægt er að senda fulltrúa með umboð á fundinn. Senda þarf umboð með tölvupósti á halldor@nordurland.is fyrir aðalfund.

Skráning og nánari upplýsingar

Skráning á aðalfund fer fram hér: <https://www.northiceland.is/is/mn/adalfundur>

Nánari upplýsingar um MN er að finna hér: www.afangastadastofa.is

Skipulagsskrá MN má sjá

hér: www.northiceland.is/is/static/files/PDF/Starfsemi/skipulagsskra-samthykkt-22.06.2021.pdf

Smelltu hér til að skrá þig



Markaðsstofa Norðurlands
ÁFANGASTAÐASTOFA

Markaðsstofa Norðurlands
Hafnarstræti 91
600 Akureyri

[Preferences](#) | [Unsubscribe](#)